



Til:
Efni:
Upplýsingar:

bgr@os.is

Fw: Umsókn Héraðsverks ehf. um leyfi til töku malar og sands af hafsbotni í Fossárvík í Berufirði
Sent: 08.11.2017 11:35:10 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017100011, Bréfalyklar: 42-8
um efnisnám og aðrar náttúruauðlindir

Tilvísun í mál: 2017100011

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 19. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Héraðsverks ehf. um leyfi til töku malar og sands af hafsbotni í Fossárvík í Berufirði. Sótt er um leyfi til töku á allt að 35.000 rúmmetrum af mól og sandi. Staðsetning efnistökkunnar er fyrir utan netlög og utan við óshólma Fossár á um 10-30 m dýpi.

Fossá er einn virkasti skriðufarvegurinn á þessu svæði og því líklegt að efni endurnýjist nokkuð fljótt sem m.a. óshólmar árinna bera vitni um. Í umsókninni er hins vegar ekki að finna neinar upplýsingar um jarðfræði, hugsanlegt efnismagn á svæðinu eða lífríki á hafsbotninum. Sömuleiðis eru engar upplýsingar um hugsanlegar minjar. Umsækjendur telja ekki ástæðu til að efnistakan fari í mat á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun telur að Orkustofnun eigi almennt að krefjast þess að með umsóknum af þessari stærðargráðu fylgi „lágmarksupplýsingar“ um helstu náttúrufræðisþætti því eingöngu á þeim grunni er hægt að taka upplýsta afstöðu til efnistökkunnar. Ef það er ekki skýrt í lögum og reglum hvaða upplýsingar eiga að fylgja þegar sótt er um leyfi til efnistöku af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir þarf að laga það.

Í ljósi þess að hér er um frekar „lítið“ efnismagn að ræða, vinnslusvæðið verður í mesta lagi 2,4 ha, leyfi fyrir efnistökkunni á að gilda til 1. maí 2018, efnistakan er á stað þar sem efni endurnýjast líklega tiltölulega hratt og af þeim sökum líklegt að einhver hreyfing sé á hafsbotninum á þessu svæði nú þegar leggst Náttúrufræðistofnun ekki gegn því að leyfi fyrir efnistökkunni verði veitt. Stofnunin ítrekar hins vegar að gera þarf kröfu um að lágmarksupplýsingar um náttúrufræði fylgi umsóknum af þessu tagi og ekki óeðlilegt að Orkustofnun leiti staðfestingar t.d. á áætluðu efnismagni á svæðinu og lífríki þess.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Bréf

Umsókn Héraðsverks ehf. um leyfi til töku malar og sands af hafsbotni í Fossárvík í Berufirði

Málsnúmer: 2017100011

Númer skjals:

Skráð: 19. október 2017

Eigandi skjals: Trausti Baldursson

Auðkenni

Vinnsla

Efnisflokkur skjals:
Dagsetning skjals:
Staðsetning skjals:
Fyrirtæki:
Nafn:

Staða: Í vinnslu
Geymslustaður skjals:

Umsókn Héraðsverks ehf. um leyfi til töku malar og sands af hafsbotni í Fossárvík í Berufirði

Viðhengi:



- 20171023133628466.tif